



Verksamningur

1. Samningsaðilar

1.1 Verksamningur þessi er gerður 20. júlí 2026 á milli Langanesbyggðar, kt. 420369-1749, hér eftir nefndur „Verkkaupi“ og Rauðanes, kt. 460223-0400, hér eftir nefndur „Verktaki“.

2. Verklýsing

2.1 Verkefni samkvæmt samningi þessum geta meðal annars falist í almennu viðhaldi fasteigna, endurbótum, smíðavinnu, undirbúningi og eftirliti framkvæmda, yfirferð og samþykki reikninga vegna aðkeyprar vinnu og öðrum tilfallandi verkefnum á vegum sveitarfélagsins.

2.2 Verkefni eru unnin samkvæmt forgangs röðun verkkaupa og í samráði við forstöðumann þjónustumiðstöðvar.

3. Verð og greiðslur

3.1 Verkkaupi greiðir verktaka tímagjald að fjárhæð kr. 11.000 án virðisaukaskatts (kr. 13.640 með virðisaukaskatti) sem mun fylgja almennum kjarasamningshækkunum.

3.2 Tímagjaldið felur í sér bifreiðagjald, aksturskostnað innan Þórshafnar og verkfæragjald.

3.3 Fyrir vinnu að beiðni verkkaupa utan almenns vinnutíma, þ.e. á kvöldin, um helgar eða á almennum frídögum, greiðist 30% álag á tímagjaldið. Lágmarksgreiðsla vegna útkalls er fjórar vinnustundir.

3.4 Verktaki skal gefa út reikning mánaðarlega ásamt tímaskýrslu þar sem fram koma dagsetningar, vinnustundir, vinnustaður og stutt lýsing á unnum verkum. Reikningar verktaka skulu greiddir innan 30 daga frá útgáfudegi, enda hafi þeir verið samþykktir af verkkaupa.

4. Vinnutími

4.1 Almennt er gert ráð fyrir að verkefni séu unnin á virkum dögum kl. 08:00–16:30.

4.2 Verktaka er heimilt að taka að sér önnur verkefni eða störf á samningstímanum, enda valdi það ekki töfum eða vanefndum á verkefnum samkvæmt þessum samningi.

5. Verktími

5.1 Samningur þessi tekur gildi við undirritun beggja aðila og gildir til og með 31. desember 2027.

5.2 Hvor aðili um sig getur sagt samningi þessum upp með 30 daga skriflegum uppsagnarfresti.

6. Efniskaup

6.1 Verktaki skal gera áætlun um efniskaup í samráði við sveitarstjóra eða forstöðumann þjónustumiðstöðvar áður en efniskaup hefjast. Verktaka er heimilt að kaupa efni án frekara samþykkis ef kostnaður nemur allt að kr. 500.000 fyrir hvert verkefni.



6.2 Ef efniskaup fara yfir framangreinda fjárhæð skal fyrirfram liggja fyrir samþykki sveitarstjóra eða forstöðumanns þjónustumiðstöðvar.

7. Verkstjórn og samskipti

7.1 Sveitarstjóri fer með yfirstjórn framkvæmdar samningsins, er tengiliður verkkaupa og ákveður forgangsröðun verkefna. Verktaki vinnur verkefni sín sjálfstætt samkvæmt forgangsröðun verkkaupa og í samráði við forstöðumann þjónustumiðstöðvar. Verkaskipting milli verktaka og forstöðumanns þjónustumiðstöðvar skal ákveðin í sameiningu með hliðsjón af eðli og umfangi verkefna.

8. Tryggingar og ábyrgð

8.1 Verktaki ber ábyrgð á því að hafa í gildi allar lögboðnar tryggingar vegna starfsemi sinnar.

9. Lög og varnarþing

9.1 Rísi ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samningsins skal leitast við að leysa hann með samkomulagi. Takist það ekki skal mál rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

10. Annað

10.1 Verktaki skal gæta trúnaðar um upplýsingar sem hann fær aðgang að við framkvæmd verkefna samkvæmt samningi þessum.

10.2 Breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Staður og dagsetning
f.h. verkkaupa,

Staður og dagsetning
f.h. verktaka,

Verkkaupi

Verktaki

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn og kennitala: _____

Nafn og kennitala: _____